

120 / 62 Fundur Hreppsnefndar

Fimmtudagskvöldið 24.janúar 2002 kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 20:03.

Mættir: Sigurður Ragnar Kristinsson, Henryr Már Ásgrímsson, Oddur Skúlason, Gunnlaugur Ólafsson, Þorsteinn Óla Þorbergsson og Björn Ingimarsson sveitarstjóri.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna Oddviti óskaði eftir leyfi fundarins að taka á dagskrá erindi frá Ferðamálafélagið Súlan og yrði það undir 4. dagskrárlið. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá.

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða:

- Hreppsnefndarfundur, 29.11.01
- Aukafundur hreppsnefndar, 03.12.01.
- Hreppsnefndarfundur, 20.12.01
- Landbúnaðarnefnd, 04.12.01. Samþykkt samhljóða.
- Stjórnarfundur Nausts, 28.11.01. Samþykkt samhljóða.
- Húsnæðisnefnd, 19.12.01. Samþykkt samhljóða.
- Ferðamálanefnd, 14.01.02. Rætt um vegagerð út á Langanes, sveitarstjóra falið að skrifa bréf til Vegagerðarinnar sjá 4. mál. í fundargerð. Fundargerðin samþ. samhljóða.

2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum:

- Samstarfsnefnd Launan. sveitarfélaga og Félag ísl. leikskólakennara, 18.10.01. Kynning.
- Heilbr.eftirlit Norðurl.eystra,10.11.01. Samþ.samhljóða.
- Eyþing , 27.08.01, Eyþing, 31.08.01, Eyþing, 19.09.01, Eyþing, 05.11.01. Fundarg.samþ.samhljóða.
- Samtök sveitarf. á köldum svæðum. Stjórnarfundur, 10.10.01. Kynning.
- Héraðsnefnd, 14.12.01. Fundarg. samþ. samhljóða.

3. Mál. Skýrsla sveitarstjóra.

Björn flutti greinargóða skýrslu um hafnarmál, stækkun á Nausti, atvinnumál, starfsmannamál og uppgjörsmál á ársreikningum sveitarfélagsins.

4. Mál. Innsend erindi til afgreiðslu.

- Framlenging leigusamnings um Brimnesreka. Bréf dags. 15.01.02. frá Marinó í Tunguseli. Erindinu vísað til umsagnar í landbúnaðarnefnd, jafnframt er landbúnaðarnefnd falið að móta stefnu varðandi úthlutun hlunninda á jörðum í eigu eða umsjón sveitarfélagsins. Samþ. samhljóða.
- Myndbær ehf - Sveitarfélög í upphafi aldar. Bréf dags. 27.des.01. Sveitarstjóra falið að tryggja sveitarfélaginu eitt eintak af sjónvarpsmyndunum. Samþ. samhljóða.
- Ferðamálafélagið Súlan. Bréf dags. 24.01.02 Útgáfa ferðamálabæklings fyrir Þórshöfn og nágrenni Beiðni um 100. þús. kr. styrk. Samþykkt samhljóða.

Oddviti óskaði eftir smá hléi, samþykkt.

Til Kynningar:

- Heilbr.eftirlit Norðurl. eystra. Matvælaeftirlit ríkisins.
- Fornleifavernd ríkisins, fornleifaskráning.
- Félagsmálaráðuneytið. Málþing um fjárhagsaðstoð í velferðarsamfélagi.
- Samb. ísl. sveitarfélaga, ráðstefna um Staðardagskrá 21.

- RÚV, vegna svæðisútvarps.
- Samb. ísl. sveitarf. Yfirlýsing um ýmis samskiptamál ríkis og sveitarfélaga.
- Samb. ísl. sveitarf. Ráðstefna um EES samninginn og ísl. sveitarfélög.
- Samb. ísl. sveitarf. Þróunarsvið Samb. ísl. sveitarf.
- Samb.ísl.sveitarf. Síðari fundur fulltrúaráðs 2001.
- Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarf. Bréf dags. 7. jan. 2002.

5. Mál. Fjárhagsáætlun 2002, fyrri umræða.

Oddviti gaf sveitarstjóra orðið og kynnti hann áætlunina lauslega , oddviti vísaði síðan fjárhagsáætluninni til síðari umræðu sem yrði n.k. fimmtudagskvöld og vinnufundur hreppsnefndar sem áætlaður er n.k. þriðjudag. Samþ. samhljóða.

6. Mál. Stækkun leikskóla.

Oddviti og sveitarstjóri kynntu málið. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 22:30.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.